

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógarbæ – sjálfseignarstofnun í þágu aldraðra og sjúkra í Reykjavík.

I. KAFLI

1. gr.

Heiti.

Nafn sjálfseignarstofnunarinnar er Skógarbær – sjálfseignarstofnun í þágu aldraðra og sjúkra í Reykjavík.

Heimilisfang stofnunarinnar er að Árskógum 2, Reykjavík.

Varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

Stofnunin heyrir undir lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að reisa og reka hjúkrunarheimili og aðra skylda starfsemi er veitir sjúkum og öldruðum þjónustu, umönnun og hjúkrun og á annan þann hátt sem stjórn stofnunarinnar kann að ákveða á hverjum tíma.

Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að:

- afla fjár meðal einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana;
- leita eftir framlagi úr hendi stjórnvalda, sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.

3. gr.

Stofnaðilar.

Stofnaðilar Skógarbæjar – sjálfseignarstofnunar í þágu aldraðra og sjúkra í Reykjavík voru eftirtaldir:

Reykjavíkurborg
Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands
Verkamannafélagið Dagsbrún
Starfsmannafélagið Sókn
Kvennaldeld Reykjavíkurdeldar RKÍ
Verkakvennafélagið Framsókn.

4. gr.

Aðstandandi stofnunarinnar.

Sjómannaðagsráð er aðstandandi stofnunarinnar og hefur eitt rétt til að tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð Skógarbæjar.

Stofnaðilar hafa ekki rétt á að tilnefna einstaklinga í fulltrúaráð stofnunarinnar.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar var kr. 471.000 og er óafturkræft framlag sem skal ávaxtast á tryggilegan máta, viðbótarframlög skulu einnig vera óafturkræf. Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé og öðrum verðmætum sem berast og safnast til bygginga hjúkrunarheimilis og/eða annarra bygginga í þjónustu við aldraða og sjúka. Að undanskildu stofnfé bera stofnendur engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar.

Framlög stofnaðila voru eftirfarandi:

Reykjavíkurborg	Kr. 160.000.000
Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands	Kr. 96.000.000
Verkamannafélagið Dagsbrún	Kr. 12.000.000
Starfsmannafélagið Sókn	Kr. 10.000.000

Kvennadeild Reykjavíkurdeildar RKÍ	Kr. 5.000.000
Verkakvinnafélagið Framsókn.	Kr. 3.000.000

Öllum fjármunum og fjármagni stofnunarinnar, svo sem rekstrarafgangi, gjöfum, arði o.s.frv., skal eingöngu ráðstafað samkvæmt markmiðum Skógarbæjar.

II. KAFLI Fulltrúaráð.

6. gr.

Fulltrúaráð Skógarbæjar skipa 34 einstaklingar og eru þeir þannig valdir:

Sjómannadagsráð velur alla 34 einstaklingana hverju sinni og jafnmarga til vara.

Hlutverk fulltrúaráðs er:

- a. að fylgjast með rekstri og vera tengiliður milli stjórnar og þeirra aðila sem standa að stofnuninni,
- b. að kjósa stjórn,
- c. að kjósa tvo endurskoðendur,
- d. að setja stofnuninni þær reglur sem þörf krefur,
- e. að ákvarða þóknun stjórnar.

7. gr.

Aðalfundur fulltrúaráðsins skal haldinn í apríl eða maí ár hvert. Stjórn Skógarbæjar skal boða fundinn bréfluga með minnst þriggja vikna fyrirvara. Heimilt er að boða til fundarins með tölvupósti.

Á aðalfundi eiga rétt til setu fulltrúar, sbr. 6. gr., ásamt endurskoðendum stofnunarinnar.

Eigi síðar en viku fyrir aðalfund skal senda fulltrúum öll fundargögn, svo sem skýrslu stjórnar, endurskoðaða reikninga stofnunarinnar fyrir liðið starfsár, upplýsingar um framkomin framboð, tillögur að breytingum á skipulagsskrá og aðrar tillögur sem munu liggja fyrir fundinum. Heimilt er að senda fundargögn með tölvupósti.

Tillögur frá öðrum en stjórn stofnunarinnar, sem leggja á fyrir aðalfund, skulu hafa borist stjórninni skriflega eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn.

Öllum fundum fulltrúaráðs stofnunarinnar skal stjórna samkvæmt almennum fundarsköpum og skipulagsskrá þessari.

Í atkvæðagreiðslum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða úrslitum. Ef atkvæði falla jafnt þá telst tillaga felld.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

8. gr.

Dagskrá aðalfundar skal jafnan vera:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar og reikningar. Umræður og atkvæðagreiðsla um framlagða reikninga.
4. Ákvörðun um þóknun stjórnar.
5. Tillögur að breytingum á skipulagsskrá, löglega upp bornar, sbr. 17. gr.
6. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
7. Tillögur og ályktanir, sem borist hafa með lögmætum fyrirvara.
8. Önnur mál.
9. Fundarslit.

9. gr.

Haustfundur skal haldinn í nóvember ár hvert. Á haustfundi eiga rétt til setu kjörnir fulltrúar, sbr. 6. gr.

Til fundarins skal boðað bréfluga með sjö daga fyrirvara. Heimilt er að boða til fundarins með tölvupósti. Haustfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá haustfundar:

1. Stjórnarformaður setur fund og stjórnar honum, ritari stjórnar skal vera ritari.

2. Skýrsla stjórnar um starfið frá aðalfundi.
3. Tillögur um ályktanir.
4. Önnur mál.

Á haustfundi er heimilt að taka til afgreiðslu tillögur og ákvarðanir um fjárfestingar, framkvæmdir o.fl. sem ekki geta beðið næsta aðalfundar.

10. gr.

Aukafund skal halda samkvæmt ákvörðun stjórnar. Skylt er að boða til aukafundar ef minnst tíu fulltrúar fulltrúaráðs krefjast þess, enda sé fundarefni tilgreint. Skal sú krafa vera skrifleg og berast stjórn með sannanlegum hætti.

Á aukafundi er aðeins fjallað um þau málefni sem eru tilefni fundarboðunar.

Fundi samkvæmt 1. mgr. skal boða bréflaga með a.m.k. sjö daga fyrirvara og skal fundarefnis getið í fundarboði. Heimilt er að boða til fundarins með tölvupósti. Fundir þessir eru lögmætir ef meira en helmingur fulltrúa mætir til fundarins.

III. KAFLI

Stjórn Skógarbæjar og störf, fjárvarsla, stjórnarlaun o.fl.

11. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm einstaklingum sem kosnir skulu á aðalfundi til þriggja ára í senn. Í stjórn skulu sitja formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og varagjaldkeri. Varamenn skulu vera þrír, kosnir til þriggja ára í senn.

Á aðalfundum skal kosningu hátað þannig að eitt árið er kosinn formaður stjórnar, næsta ár eru kosnir gjaldkeri og varaformaður og þriðja árið eru kosnir ritari og varagjaldkeri. Á hverjum aðalfundi skal kjósa einn varamann. Sá varamaður sem lengst hefur setið í varastjórn skal vera fyrsti varamaður og þannig koll af kalli. Þurfi að kjósa fleiri en einn varamann á sama aðalfundi skal kjósa eftir atvikum fyrsta, annan og þriðja varamann.

Falli aðalmaður frá, missi hann kjörgengi sitt eða láti hann af störfum af öðrum ástæðum tekur fyrsti varamaður sæti í stjórninni til næsta aðalfundar. Skal þá kosinn nýr stjórnarmaður í stað þess sem lét af störfum og skal kjörtímabili hans ljúka á sama tíma og þess stjórnarmanns sem lét af störfum.

Framboð til stjórnar og varamanna samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar og tveggja endurskoðenda til eins árs og tveggja til vara, skulu berast stjórn stofnunarinnar með skriflegum hætti minnst tveimur vikum fyrir aðalfund fulltrúaráðs.

Kjörgengir til stjórnarstarfa eru kjörnir fulltrúar og varafulltrúar stofnunarinnar.

12. gr.

Stjórn stofnunarinnar fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar. Stjórninni ber í starfi sínu að fylgja skipulagsskrá þessari.

Stjórn stofnunarinnar skal í hvívetna gæta hagsmuna stofnunarinnar og koma fram fyrir hönd stofnunarinnar, m.a. í öllum viðræðum og samningum.

Meirihluti stjórnar stofnunarinnar skuldbindur stofnunina.

Stjórn stofnunarinnar skal hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og sjá um að skipulag og bókhald sé ætíð í góðu horfi og í samræmi við lög og samþykktir. Þá skal stjórnin gæta þess að meðferð fjármuna stofnunarinnar sé í samræmi við ákvarðanir sem samþykktar eru á fundum fulltrúaráðs.

Stjórnarfundur er aðeins lögmætur þegar meirihluti stjórnar er mættur. Séu aðalmenn forfallaðir skal boða varamenn í þeirri röð sem þeir hafa hlotið kosningu á aðalfundi. Heimilt skal að halda stjórnarfundi með aðstoð fjarfundabúnaðar.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri eða aðrir starfsmenn, í umboði hans, ráða annað starfsfólk og gera ráðningarsamninga.

Formaður stjórnar stofnunarinnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Honum er skylt að halda stjórnarfund óski a.m.k. tveir stjórnarmenn eftir því.

Formaður stjórnar stofnunarinnar er talsmaður stofnunarinnar. Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

Ritari ber ábyrgð á því að fundargerðabækur séu haldnar og færðar séu í þær allar fundargerðir og breytingar á skipulagsskrá þessari.

Fundargerðir skulu undirritaðar af þeim stjórnarmönnum sem fund sitja.

Í atkvæðagreiðslum á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða úrslitum. Ef atkvæði falla jafnt þá telst tillaga felld.

Stjórn stofnunarinnar veitir prókúruumboð.

IV. KAFLI

Reikningsár og endurskoðun.

13. gr.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Á hverju ári skal semja ársreikning og skal stjórnin hafa lokið gerð hans eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund. Ársreikningurinn skal endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju, þ.m.t. bókhaldsgögn og aðrir þættir er varða rekstur stofnunarinnar og fjárhagsstöðu.

V. KAFLI

Samstarfssamningar og þjónusta.

14. gr.

Stjórn stofnunarinnar hefur umboð til að gera samninga um þjónustu og samstarf við aðrar stofnanir og aðila enda séu slíkir samningar í samræmi við markmið stofnunarinnar, lög og aðrar opinberar heimildir.

15. gr.

Stjórn stofnunarinnar ákveður hvernig vistun skuli háttáð og setur reglur þar um. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða um vistun.

VI. KAFLI

Slit stofnunarinnar.

16. gr.

Telji fulltrúaráð stofnunarinnar sér ekki fært að annast áfram rekstur stofnunarinnar eða hluta hennar, skal stofnunin falla með öllum eignum til ríkisins með þeirri kvöð, að hún verði áfram nýtt í þágu aldraðra og sjúkra.

Verður ákvörðun um slit stofnunarinnar aðeins tekin sé tillaga þar að lútandi samþykkt með atkvæðum allra fulltrúa á tveimur fundum, sem sérstaklega er boðað til í því skyni að fjalla um slíka tillögu. Fundirnir skulu haldnir með a.m.k. eins mánaðar millibili.

Atkvæðisrétt hafa fulltrúar eða varamenn þeirra samkvæmt skipulagsskrá þessari. Fundirnir skulu boðaðir með sama hætti og aðalfundur og skal geta þess skýrlega í fundarboði að fundirnir séu haldnir til þess að taka afstöðu um að slíta stofnuninni og ráðstöfun eigna stofnunarinnar.

VII. KAFLI

Skipulagsskrá.

17. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á aðalfundi stofnunarinnar, enda hafi tillögur að breytingum verið sendar fundarmönnum eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Tillögur til skipulagsskrárbreytinga, er koma frá öðrum en stjórn, skulu berast stjórn með skriflegum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Til þess að breyting á skipulagsskrá nái fram að ganga þarf fundur að vera lögmaður og breytingin að vera samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

18. gr.

Skipulagsskrá þessi, gerð þann 30. mars 2023, kemur í stað skipulagsskrár fyrir stofnunina sem staðfest var upphaflega 30. apríl 1999 með síðari breytingum staðfestum 18. maí 2020 og 17. janúar

2022. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari, en að staðfestingu fenginni fellur eldri skipulagsskrá nr. 305/1999 úr gildi með síðari breytingum.

VIII. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

19. gr.

Þegar skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest af sýslumanninum á Norðurlandi vestra skal Sjómannadagsráð svo fljótt sem verða má velja 34 fulltrúa og jafnmarga til vara til setu í fulltrúaráði stofnunarinnar. Fellur þá niður tilnefning þeirra fulltrúa sem í fulltrúaráðinu sitja fram að þeim tíma.

20. gr.

Á fyrsta aðalfundi sínum skal fulltrúaráð, sbr. 1. mgr. 6. gr., kjósa nýja stjórn í samræmi við 1. mgr. 11. gr. Fellur þá niður umboð núverandi stjórnar. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 11. gr. skal umræddum stjórnarmönnum vera heimilt að sitja í stjórn fram að fyrsta aðalfundi þrátt fyrir að eiga ekki jafnframt sæti í fulltrúaráði stofnunarinnar.

Á næsta aðalfundi stofnunarinnar skal ný stjórn kosin í heilu lagi, þó þannig að skipunartími hluta stjórnarmanna sé markaður skemmri tími en þrjú ár, eftir því sem þurfa þykir til þess að regla komist á kosninguna í samræmi við 2. mgr. 11. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. september 2023,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.